

Frá ritstjórum



Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi MSW og verkefnastjóri hjá FÍ

Þá er ný útgáfa af Tímariti félagsráðgjafa að líta dagsins ljós. Heilmikil umskipti voru á síðasta ári þegar ritstjórnin var endurnýjuð og eiga nú sæti í henni Freydís Jóna Freysteinsdóttir dósent í félagsráðgjöf, Eldey Huld Jónsdóttir verkefnastjóri FÍ, Íris Dögg Lárusdóttir doktorsnemi í félagsráðgjöf og Ingibjörg Þórðardóttir félagsráðgjafi, sem rekur stofuna Hugrekki. Formaður félagsins, María Rúnarsdóttir, hefur einnig unnið með ritnefndinni og er áfram ábyrgðarmaður blaðsins. Ritnefndin skipti þannig með sér verkum að Freydís Jóna og Íris Dögg sjá um ritrýndar greinar og er Freydís ritstjóri þeirra en Eldey Huld og Ingibjörg sjá um óritrýnt efni og er Eldey ritstjóri þess efnis.

Á fundi ritstjórnar tímaritsins síðastliðið haust var ákveðið að gefa ritstjórnarmönnum kost á að senda greinar til ritrýningar og birtingar. Þegar slíkt gerist vikur viðkomandi ritstjórnarmaður af fundi meðan ákveðið er um birtingu greinarinnar, og aðrir ritstjórnarmenn sjá um að leita til ritrýna. Starfandi ritstjórar eða ritstjórnarmenn koma því ekkert að ferli sinna greina, nema til að lagfæra þær og bæta eins og aðrir höfundar. Haft var samráð við Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands við þessa ákvörðun og málið tekið þar fyrir sérstaklega að okkar beiðni. Niðurstaðan var sú að sviðið sæi ekkert því til fyrirstöðu að ritstjórnarmenn gætu sent tímaritinu slíkt efni til birtingar, svo framarlega sem þeir kæmu sjálfir ekkert að ferli sinna greina.

Eins og verið hefur ritrýna tveir aðilar með þekkingu á viðkomandi efni hverja grein og fá höfundar ekki að vita hverjir ritrýna greinar þeirra. Einnig fer íslenskufræðingur yfir málfar, stafsetningu og heimildanotkun. Eldey Huld hefur yfirumsjón með uppsetningu efnis.

Þótt að því hafi ekki verið stefnt sérstaklega í upphafi má segja að rauði þráðurinn í tímaritinu að þessu sinni sé umfjöllun um börn og ungmenni. Tvær af ritrýndu greinunum fjalla um ungt fólk, annars vegar um það hvernig börn tjá sig um viðkvæm málefni með listsköpun og hins vegar um unga flóttamenn sem eru að reyna að ná fótfestu í íslensku samfélagi. Þá er í almennu greinunum að finna erindi um velferð barna, flutt á ráðstefnu Geðhjalpar árið 2017, frásögn af vinnuhópnum Fyrsti 1001 dagur í lífi barns og umfjöllun um flóttabörn á Íslandi. Í öðrum greinum blaðsins er fjallað um önnur áhugaverð efni. Í þriðju ritrýndu greininni er fjallað um einkenni hamingjusamra hjónabanda og að lokum er almenn grein um handleiðslu og mikilvægi hennar.

Dálkurinn Af vettvangi var að þessu sinni ekki falinn blaðamanni heldur tekin sú stefna að óska eftir efni frá félagsráðgjöfum þar sem þeir skrifa um starf sitt eða áhugaverð verkefni sem þeir sinna. Er það vilji ritstjórnar að þessi kafli verði framvegis til þess að félagsráðgjafar finni hjá sér hvöt til að skrifa í tímaritið og segja frá starfi sínu. Eru félagsráðgjafar hér með hvattir til að stinga niður penna og senda inn efni í næsta blað.

Auk hefðbundinnar bókaumfjöllunar er í blaðinu dálkurinn *Félagið* með pistli frá formanni og fréttum úr félagsstarfinu. Þátturinn er nú að mestu helgaður einum mesta viðburði í sögu Félagsráðgjafafélagsins, þingi Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa sem haldið var hér á landi í maí í fyrravor. Þar komu saman 570 félagsráðgjafar og aðrir þátttakendur, og voru fulltrúar 37 þjóðríkja.

Þá er vert að geta þess að á fundi ritstjórnar nýverið var ákveðið að spara pappír og senda einungis þeim félagsmönnum FÍ eintök af tímaritinu í pappírformi sem óska eftir því sérstaklega. Aðrir fá tímaritið á rafrænu formi á vefsetri tímaritsins (slóð: www.timaritfelagsradgjafa.is). Hafa félagsmenn fengið tölvupóst með þessum upplýsingum frá félaginu.

Það er ósk okkar ritstjóra og ritstjórnar að félagsráðgjafar og aðrir njóti vel þess efnis sem finna má í ritinu og að lokum viljum við þakka fráfarandi ritstjóra, Sigrúnu Harðardóttur, og fyrri ritstjórn fyrir störf sín.

Með vinsemd og virðingu fyrir hönd ritstjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Eldey Huld Jónsdóttir